

Kemur ut ýmist einu sinni eða tvisv. í viku. Verð árg. (80 ark. minnst) 4 kr., erlendis 5 kr. eða 1½ doll.; borgist fyrir miðjan júlí (erlendis fyrir fram).

ÍSAFOLD.

Uppsögn (skrifleg) bundin við áramót, ógild nema komin sje til útgefanda fyrir 1. október. Afgreiðslustofa blaðsins er í Austurstræti 8.

XXVI. árg.

Reykjavík, miðvikudaginn 25. janúar 1899.

4. blað.

I. O. O. F. 801278½.

ELDAVÉLAR og MAGASINOFNA
selur

Kristján Þorgrímsson

fyrir innkaupsverð, að viðbætti fragt.
Pantanir afgreiddar fljótt og nákvæmlega.

Forngripasafn opið mvd. og ld. kl. 11—12.
Landsbankinn opin hvern virkan dag kl. 11—2. Bankastjóri við 12—2, annar gæzlustjóri 12—1.

Landsbókasafn opið hvern virkan dag kl. 12—2, og einni stundu lengur (til kl. 3) md., mvd. og ld. til útlána.

Stjórnin og bindindismálið.

Það kom víst ekki á óvart neinum, sem til þektu, að stjórnin mundi leggja á móti því að frumvarp Skúla Thoroddsens um rétt kaupmanna til að verzlun með áfengi næði staðfesting. Það hafa efnilegri gemlingar verið afhöfðar við stjórnartrogið og í sjálfu sér eru ástæðurnar fyrir synjuninni góðar og gildar. Þær voru enda flestar í ljós komnar, áður en málið var afgreitt frá efri deild, og það voru aðrar kringumstæður, sem réðu því, að ekki var úr þeim bætt, áður en málið fór frá þinginu. Synjunin kom því víst ekki neinum á óvart, sem að málinu stóð.

Tilganginum er samt að nokkuru leyti náð, þeim, að fá stjórnina, þ. e. ráðgjafa og landshöfðingja, til þess að kveða upp úr með sína skoðun á málinu og sína stefnu í því. Þeir hafa nú gjört það all-rækilega í bréfum þeim um málið, sem birt eru í Stj. tíð. 1898 B. bls. 216—218.

Ég skal ekki neita því, að sérstaklega undirtektir ráðgjafans komu mér á óvart. Bréfið er, hvað sem öðru líður, svo athugasvert, að það er fullkomin ástæða til þess fyrir oss, bindindismennina, að líta í kringum oss og átta oss á stefnum og horfum. Ráðaneytið gefur sem sé í skyn, að það muni nú taka málið í sína hönd og leggja fyrir þingið frumvarp með sama tilgangi, þeim nefnilega, að leggja höft á eða takmarka aðganginn að áfengisverzlun.

Það verður ekki ljóslega séð á þessum bréfum, hvernig ráðgjafinn hugsar sér að ná þessum tilgangi; en undir því er mikið komið. Ráðin, sem notuð hafa verið í öðrum löndum til þess að takmarka áfengisverzlunina, eru ekki svo sérlega mörg, að það er hægt að átta sig fljótt á þeim, og það hefði verið mikils um vert, ef ráðaneytið hefði gefið í skyn, að hverju þeirra það helzt mundi hallast.

Aðalráðin eru þessi:

1. Algjört bann gegn verzlun með áfengi.

2. Sérstakt gjald fyrir leyfisbréf til áfengisverzlunar, venjulega nokkuð hátt, og oft árlegt gjald.

3. Að láta það vera komið undir atkvæði sveitarstjórna (héraðsstjórna) eða þá bæði héraðsstjórna og atkvæðisbærra manna, hvort veita skuli áfengissöluleyfi eða ekki.

„Gautaborgar- fyrirkomulagið, sem

bæði Norðmenn og Svíar eru búnir að reyna og gefast upp við sem óhafandi, nefni ég ekki. Ég get varla búist við, að stjórninni detti í hug að reyna að lögleiða hér nokkuð slíkt.

Landshöfðingi hefir aftur á móti kveðið þar upp sitt alit skýrt og ótvíræðilega um, hverja af þessum aðferðum hann álítur bezta. Hann hallast sem sé að leyfisbréfgjaldinu, en telur „mjög efasamt“, hvort hyggilegt sé að leggja veiting söluleyfisins undir atkvæði sveitarstjórna og atkvæðisbærra héraðsbúa, „einkum eftir því sem til hagar á Íslandi.“

Í bréfi ráðgjafans er ekki vikið neitt að þessum atriðum, nema ef ráða mætti af orðum þess, að rétt væri að binda söluleyfið við atkvæði sveitarstjórna, en ekki við atkvæði héraðsbúa, af því að það væri of mikið umstang.

Eitt atriði í ráðgjafabréfinu vil ég nefna, af því það hefir orðið svo stórvægt þrætuatriði, t. d. í Bandaríkjunum. Það er um skaðabætur fyrir atvinnuskerðing fyrir eldri verzlunar, sem leyfi hafa til áfengissölu, þegar takmarkanir á eða bann gegn þeirri verzlun er í lög leitt. Þar tekur bréfið skýrt af skarið.

Einn gallinn á frumvarpinu er það, að sú heimild til að banna verzlun með áfengi, sem í frumvarpinu var falin, „nær að eins til þeirra manna, sem eftirleiddis (auðkent í bréfinu með breyttu lettri) kaupa verzlunarleyfisbréfa, o. s. frv.“

Af þessu sést það án alls vafa, að ráðaneytið álítur, að verzlunar, sem nú eru reknar og leyfi hafa til áfengissölu, ætti ekki neina kröfu til skaðabóta, þó að lögleitt væri algert bann gegn áfengisverzlun.

Það væri svo sem auðvitað hið eina rétta, að lögleiða hér algert sölubann, og mér er næst að halda, að þeirri stefnu mundu mjög margir fylgja hér á landi nú og það meira að segja fjölda margir af kaupmönnum sjálfum. Trauðlega mun þó ráð fyrir því gjörandi, að stjórnin flytji svo lagað frumvarp, enda tvisýnt, að það næði samþykki þingsins, eins og það nú er skipað. En haldi hugsunarháturinn hjá alþýðu manna áfram að skýrast og breytast í því máli, og verði sú framför eins hraðfara á næsta áratug, eins og hún hefir verið síðustu 10 árin, þá verður ekki langt liðið á 20. öldina, er algert vínverzlunarbann hlýtur samþykki þingsins. Og hvað skyldi þá stjórninni ganga til að leggja á móti slíkum lögum? Umhyggja fyrir brennivins-markaði Dana? Ekki trúi ég því.

Því miður verður víst helzt að gjöra ráð fyrir, að aðal-áherzlan verði lögð á gjald fyrir leyfisbréfin til áfengissölu. Það mun enn þá vera talið í Danmörku meðal þjóðráða til að takmarka brennivinsölu. En það vita allir, og Danir sjálfir hvað bezta, að þeir bæði hafa verið og eru mestar brennivins-hítir í Norðurálfunni og líklega þó leitað væri um veröld alla; og þó að bindindishreyfing sé þar orðin nú töluverð, þá eru þeir þó að tiltölulega miklum mun okkar eftir-

bátar í því máli, bæði að framkvæmdum og þekkingu á málinu. Vér lítum alt öðru vísi á afleiðingarnar af þessum skatt-álögum á brennivínið, hvort sem það nú er brenslu- eða aðflutningstollur eða söluleyfis-gjald. — Kaupmenn leggja, eins og eðlilegt er, skattinn á kaupanda brennivínsins, ríflega nokkuð reiknaðan, og brennivínið verður dýrara. Þetta á að fæla menn frá að kaupa; gjörir það líka um stund; en þegar þeir fara að venjast hinu herra verði, sækir alt í sama horf; eftir svo sem eitt eða tvö ár er jafn-mikið keypt. En efnaspjöllin, sérstaklega meðal hins fátækari lýðs, verða enn hraðstígari, þegar brennivínið er dýrara. Drykkfeldir menn hugsa ekki um, hvað það kostar, en þakka guði fyrir að það fæst.

Og svo er annað, sem af hækkuðum álögum leiðir: Til þess að geta boðið sem ódýrasta vöru, flytja kaupmenn að eins hinar verstu drykkjartegundir, sem þeir fá fyrir sem lægst verð; keppin skráfar niður verðið og það bitnar eðlilega á vörugæðunum. Á þeim hafa menn alment ekki vit, en öll alþýða manna, bæði hér og í öðrum löndum, á í því sammerkt við Hróbjart gamla, að hún spyr alt af fyrst og fremst að því,

„hvar billegast brennivín sé.“

En „billeg“ og vond drykkjartegundir eru mjög miklu óhollari en hinar betri tegundir, og spilla miklu fjótar heilsu drykkjumannanna. — Afleiðingin af þessum hækkuðu skattálögum á brennivínið eða brennivínsverzlunina er því öfug við tilganginn: ekki neitt verulegt haft á sölunni, en verzlunin versnar bæði að verði og vörugæðum, og féflettir og fer fjótar með alla drykkjumenn, einkum hina fátækari, og spillir heilsu manna enn ver og enn fjótar.

Þannig býst ég við að margir bindindismenn hér á landi líti á þetta atriði; og það má telja það víst, að frumvarp, sem eingöngu bindur sig við gjald fyrir áfengissöluleyfi, þó að það sé árlegt gjald, og hvað svo sem það verður, nær ekki samþykki þingsins, eins og nú standa sakir. Ég tel rétt-víst, að all-flestir bindindismenn á þingi mundu líta það óhýru auga og jafnvel snúast á móti því.

Hvað er á móti því að veita t. d. sýslunefndum og bæjarstjórnnum vald til að banna áfengisverzlun, hverri í sínu umdæmi? Það er engin hætta á því, að þau stjórnarvöld fari að gefa út slíkt alment bann, ef þau vita ekki, að þau hafa öruggan almenningssvilja að bakhjarli. Eg á hér við alment bann, ekki atkvæðagreiðslu um einstök bönarbréf um söluleyfi. Almenn atkvæðagreiðsla um bann gegn áfengisverzlun sýnist ekki heldur sérlegum vandkvæðum bundin og þyrfti ekki að valda neinum verulegum erfiðleikum eða koma á stað neinum æsingum. En hún gæti líklega líka fallið burt. Sýslunefndum og bæjarstjórnnum væri, að minni hyggju, vel trúandi fyrir málinu. Einmitt í þessa átt sýnast líka benda þau samtök

víðs vegar um land, sem nú eru að myndast, og stefna að því, að fá kaupmenn til að hætta að flytja áfengi. Þessi hreyfing þarf að eins stóð laganna, til þess að geta skipað, í stað þess að biðja, og það oft árangurslaust. Mér finst ekkert liggja nær en að löggjöfin veiti þessu stóð, komi lögbundinni skipan á þessa hreyfing, sem nú þegar er til, og allir hljóta að viðurkenna að stefnir í rétta átt.

Ég á því mjög erfitt með að átta mig á, hvað landshöfðingi á við, þar sem hann gefur í skyn, að þetta fyrirkomulag muni ekki rétt aðferð, einkum eftir því sem tilhagar á Íslandi, nema því að eins, að hann hafi eingöngu fyrir augum hina almennu atkvæðagreiðslu, sem ýmislegt hefir verið til foráttu fundið, og þó sérstaklega nokkra fremur fámenna fundi í Reykjavík. En eftir því verða ekki landsmenn allir dæmdir.

En hvað sem þessu líður, þá vonar maður að ráðaneytið, úr því það hefir tekið málið að sér að þessu leyti, finni hyggilegt ráð til að hefta áfengissölu, og þá ætti þingið ekki að láta sitt eftir liggja.

Fyrir bindindisliðið í landinu er, fyrir en nokkurn verði, kominn tími til að hefjast handa og búast til baráttu fyrir málinu. Glögg þekking á málinu og góð ráðdeild er nauðsynleg til þess að ákveða sér það takmark, sem að skal stefna, en harðfylgi og stefnufesta nauðsynleg til þess, að nokkur árangur verði, eins í því máli og öðrum. Það er vonandi, að menn séu alment um landið svo kunnugir málinu og hafi svo mikinn áhuga á því, með eða móti, að það komi til umræðu á þingmálafundunum í vor, og það er líka alveg nauðsynlegt, þinginu til leiðbeiningar.

Nýársdag 1899.

Guðl. Guðmundsson.

Stafsetningarsamþykktin.

Enn hafa þessir skólagenir menn hér á landi aðhyllt stafsetningarreglur Blaðamannafélagsins með undirskrift sinni (sbr. Ísaföld 29. okt. f. á.).

Arní Jóhannesson, prestur í Grenivík,
Arní Þórarinnsson, prestur í Skógarnesi,
Arní Þorsteinsson, prestur á Kálfatjörn,
Arnór Árnason, prestur á Felli,
Arnór Þorláksson, prestur á Hesti,
Asgeir Blöndal, lækur á Eyrarbakka,
Benedikt Kristjánsson, próf. á Grenjadarst,
Bened. Þ. Gröndal, kennari í Ólafsvík,
Björn G. Blöndal, lækur á Sævarlandi,
Einar Friðgeirsson, prófastur á Borg,
Eiríkur Gíslason, prestur á Staðastað,
Eiríkur Sverrisson, sýsluskrifari í Bæ,
Guðl. Guðmundsson, sýslumaður,
Guðm. B. Scheving, héraðslækur, Bæ,
Emil Guðmundsson, prestur á Kviabekk,
Halldór Ó. Þorsteinsson, prestur á Bergþ hv.,
Helgi Árnason, prestur í Ólafsvík,
Jens Pálsson, prestur í Görðum,
Jón Arason, prestur í Húsavík,
Jón Benediktsson, prestur í Saurbæ,
Jón Guttormsson, próf. í Hjarðarholti,
Jón Sveinsson, próf. á Akranesi,
Jón Þorvaldsson, cand. med., Ísafirði,
Lárus Benediktsson, prestur í Selárdal,
Magnús Helgason, prestur á Torfastöðum,